

Reykjavík, 1. desember 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum –151. löggjafarþingi 2020-2021 81. mál.**

UMFÍ fagnar því að málefni íþrótta sé til umfjöllunar og þingsályktunartillögu um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Með sambærilegum hætti og fjallað er um í umsögn UMFÍ um tillögu til þingsályktunar um stofnun Launasjóðs afreksfólks í íþróttum þá er þróun málsins um heildstæða stefnu um afreksfólks í íþróttum til þess fallin að styrkja íþróttafólk og gera því betur kleift en áður að einbeita sér að ástundum íþróttar sinnar, sérstaklega í samvinnu við sveitarfélög og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

Við hjá UMFÍ viljum benda á að [Íþróttastefna ríkisins](#) var kynnt með pomp og prakt í maí árið 2019. Stefnan, sem kveður á um og felur í sér mikið samráð og mikla samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar, á að gilda til 2030. Fjármagn er þó ekki eyrnamerkt íþróttastefnunni sérstaklega og innleiðingu hennar, eins og fylgdi sem dæmi nýrri kvikmyndastefnu sem kynnt var nú í haust.

Samlegðaráhrif nýsamþykkrar íþróttastefnu og heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum sem hér er til umfjöllunar eru mikil. Raunsæra væri að halda íþróttastefnunni á lofti með heildstæðri stefnu um afreksíþróttafólk innanborðs og fjármagna þær báðar úr sama ranni. Við áréttum jafnframt mikilvægi þess að fjármagn til íþróttastefnu ríkisins og heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum komi til viðbótar við aðra fjármögnun en verði ekki klipið af þeirri köku sem þegar er ætlað til skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs, enda benda þær niðurstöður sem vísað er til í greinargerð tillögunnar um að 80% barna á aldrinum 11-17 ára fái ekki nægjanlega hreyfingu til þess að gefa þurfi enn frekar í.

Aðalatriðið er að viljinn er til staðar til að móta heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum innan íþróttahreyfingarinnar í samstarfi við sveitarfélög.


UMFÍ fagnar því hversu mjög stjórnvöld beina sjónum sínum að íþróttastarfsemi á Íslandi um þessar mundir. En á sama tíma er mikilvægt að heildstæð stefna í afreksíþróttum verði ekki á kostnað þeirra verkefna og starfsemi sem fyrir er hjá ÍSí, UMFÍ, sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra um allt land.

Á sama tíma og UMFÍ styður tillöguna gagnrýnir UMFÍ að umsagnarbeiðnin sem hér um ræðir var hvorki verið send UMFÍ til umsagnar eða íþróttahéruðum. Við áréttum að fram kemur í [Íþróttalögum](#) að UMFÍ eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta og falla málefni íþróttahéraða m.a. undir málefna svið UMFÍ.

## Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri UMFÍ